

Borgarráð

## Viðauki við fjárhagsáætlun 2024

### 1. Hjallastefnan - viðaukasamningur

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 33.000 þ.kr. vegna tímabundinnar lækkunar leigugreiðslna Hjallastefnunnar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -33.000
SFS	xxx	Hjallastefnan	Til 33.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

#### Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs 24. júní 2024, mál MSS24060101, viðauki við samstarfsýfirlýsingu við Hjallastefnuna. Viðaukinn felur í sér að framlengja um eitt ár til viðbótar áður samþykktu þátttöku í tímabundinni lækkun leigugreiðslna Hjallastefnunnar vegna flutnings úr núverandi húsnæði í nýtt húsnæði. Fjárheimildin rúmast innan þess fjármagns sem tekið hefur verið frá miðlægt vegna verkefnisins Brúum bilið.

### 2. Sinfóníuhljómsveit Íslands - rekstrarskuldbinding

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs verði hækkaðar um 38.399 þ.kr. vegna hækkunar á rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -38.399
MÍR	xxx	Sinfóníuhljómsveit Íslands - rekstrarskuldbinding	Til 38.399
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

#### Greinargerð:

Fjárheimildin er til að standa undir viðbótarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem er ríkisstofnun, en Reykjavíkurborg er skylt skv. 3. grein laga nr. 36/1982 að standa undir 18% af rekstrarkostnaði. Samkvæmt staðfestingu frá Fjársýslu ríkisins ber

Reykjavíkurborg að greiða 320.334 þ.kr. framlag vegna ársins 2024 sem er 38.399 þ.kr. hærra en gert var ráð fyrir.

### 3. Endurmat starfa

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnslu verði hækkaðar um 20.000 þ.kr. vegna endurmats á störfum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-20.000
RHSES	xxx	Endurmat starfa	Til	2.226
MÍR	xxx	Endurmat starfa	Til	689
SFS	xxx	Endurmat starfa	Til	14.316
ÞON	xxx	Endurmat starfa	Til	2.769
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

#### Greinargerð:

Starfsmatið varðar ýmis stöðugildi á sviðum, en störf þessi hafa verið samþykkt á fundum starfsmatsnefndar á árinu 2024. Gildistími á afturvirkni er skv. reglum starfsmats og er frá og með þeim tíma sem beiðni endurmats barst þeim. Gert er ráð fyrir afturvirkni fyrir árið 2023 ásamt fjárhæð í ramma fyrir 2024 í þessum upphæðum.

### 4. Framlag til Strætó bs.

Lagt er til að fjárheimildir vegna framlaga til b-hluta fyrirtækja hækki um 116.092 þ.kr. vegna greiðslu aukaframlags til Strætó bs. á árinu 2024. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-116.092
FRAML	xxx	Viðbótarframlag til Strætó	Til	116.092
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

#### Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarstjórnar frá 17. september 2024, liður 2, mál MSS24080020, aukið rekstrarframlag vegna hækkunar kostnaðar við aðkeyptan akstur. Um er að ræða aukið rekstrarframlag vegna hækkunar kostnaðar við aðkeyptan akstur. Rekstrarframlagið skiptist á milli eigenda Strætó og er hlutdeild Reykjavíkurborgar 62% eða 116.092 þ.kr.

### 5. Barnavernd

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 26.000 þ.kr. til að halda núverandi mönnun í Barnavernd Reykjavíkur. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -26.000
VEL	xxx	Barnavernd Reykjavíkur	Til 26.000
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

### **Greinargerð:**

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 29. júní 2023 liður 25, mál VEL23050014 þar sem var samþykkt var að auka útgjaldaramma Barnaverndar Reykjavíkur um 45.000 þ. kr. á árinu 2023 til að halda núverandi mönnun. Af 45.000 þ.kr. yrðu 19.000 þ.kr. fjármagnaðar í gegnum samninginn um samræmda móttöku flóttafólks en sá samningur er í gildi til loka árs 2024.

### **6. Sjálfstætt starfandi tónlistarskólar – greiðslur frá Jöfnunarsjóð**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 8.855 þ.kr. vegna hækkunar á framlagi Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólanna. Breytingin verður fjármögnum með hækkun jöfnunarsjóðstekna á kostn.st. 00103, jöfnunarsjóðstekjur.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
SKATT	00103	Jöfnunarsjóðstekjur	Frá -8.855
SFS	xxx	Tónlistarskólar	Til 8.855
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun

### **Greinargerð:**

Mánaðarlegum greiðslum frá Jöfnunarsjóði er miðlað til tónlistarskóla í samræmi við samninga. Tekjuáætlun Reykjavíkurborgar tekur mið af uppfærðri áætlun frá Jöfnunarsjóði en fjárheimildir skóla- og frístundasviðs taka hins vegar mið af eldri áætlun Jöfnunarsjóðs. Tillagan felur í sér að skóla- og frístundasvið fái heimild til að hækka miðlun greiðslna til samræmis við uppfærða áætlun Jöfnunarsjóðs. Um er að ræða breytingar sem tóku gildi í september, en um er að ræða mánaðarlega hækkun tekna að upphæð 2.214 þ.kr.

### **7. Kjarasamningsbundnar hækkanir NPA samninga**

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 64.997 þ.kr. vegna breytinga á kjarasamningnum NPA miðstöðvarinnar við Eflingu stéttarfélag. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá -64.997
VEL	xxx	NPA - Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til 64.997
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Velferðarsvið hefur óskað eftir auknum fjárheimildum til að standa straum af kostnaði vegna kjarabóta umfram það sem þegar hefur verið fjármagnað í ramma sviðsins vegna breytinga á kjarasamningum NPA miðstöðvarinnar við Eflingu stéttarfélag. Um er að ræða bætingu fyrir árið 2024. Ekki er um að ræða nýja NPA samninga, heldur er eingöngu verið að bæta kjarasamningsbundnar hækkanir á virkum samningum. Búið er að draga frá hlut ríkisins og því eru upphæðirnar sem hér koma fram eingöngu hlutur borgarinnar. Mánaðarlegur kostnaðarauki er 5.909 þ.kr.

**8. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir – greiðslur frá Jöfnunarsjóði**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 756.169 þ.kr. vegna gjaldfrjálsa skólamáltíða. Breytingin verður fjármögnuð með hækkun jöfnunarsjóðstekna á kostn.st. 00103 og af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SKATT	00103	Jöfnunarsjóðstekjur	Frá	-567.127
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-189.042
SFS	xxx	Grunnskólar - fríar skólamáltíðir	Til	756.169
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Samkvæmt reglugerð hófust greiðslur frá ríki til sveitarfélaga vegna gjaldfrjálsa skólamáltíða í byrjun skólaárs í ágúst 2024. Framlag Jöfnunarsjóðs greiðist beint í borgarsjóðs vegna allra barna á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík, þar með talið grunnskólabarna í sjálfstætt starfandi skólum enda sé þar boðið upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Þessi viðauki gerir ráð fyrir að kostnaði sé bæði dreift til reykvískra grunnskóla ásamt sjálfstætt starfandi skóla. Fjárhæðir eru vegna ársins 2024. Upphæðir sem renna til sjálfstætt starfandi eru 39.321 þ.kr. og 716.848 þ.kr. til grunnskóla Reykjavíkur.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri